

**49. afgreiðslufundur Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar (SBE)
haldinn á skrifstofu SBE, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, föstudaginn 2. desember
2022 og hófst hann kl. 10:00.**

Fundinn sátu:

Vigfús Björnsson.

Fundargerð ritaði: Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Heiðarbyggð 26 - frístundahús til flutnings 2022 - 2211010

Reyniber ehf. kt. 141214-0280, Rauðumýri 18 600 Akureyri, sækir um byggingarheimild vegna 49,5 fm aðflutts frístundahúss sem koma á fyrir á lóðinni Heiðarbyggð 26 í Svalbarðsstrandarhreppi. Erindinu fylgja uppdráttir frá Þóri Guðmundssyni hjá Teiknustofu Þ. Guðmundsson dags. 2022-09-25.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

2. Leifsstaðir II S2 og S3 - Gistihús 2022 - 2210008

S&A eignir ehf. kt. 680918-1040, Leifsstöðum II 605 Akureyri, sækir um byggingarheimild vegna nýbyggingar 55,2 fm frístundahúss á lóðinni Leifsstaðir II í Eyjafjarðarsveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi dags.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

3. Skólatröð 9 - skrifstofa Eyjafjarðarsveitar 2022 - 2211008

Eyjafjarðarsveit kt. 410191-2029, Skólatröð 9 605 Akureyri, sækir um byggingarleyfi vegna breyttrar notkunar húsnæðis, þar sem íbúð á 3. hæð Skólatraðar 7 verður innréttuð sem skrifstofa og sameinuð sveitarskrifstofunni Skólatröð 9. Erindinu fylgja uppdráttir frá Fanney Hauksdóttur hjá AVH teiknistofu dags. 2022-11-09.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

4. Kroppur - vinnubúðir byggingarheimild 2022 - 2212001

G.V. gröfur ehf. kt. 500795-2479 Frostagötu 4a 603 Akureyri, sækja um byggingarheimild vegna uppsetningar vinnubúða á bújörðinni Kroppi Eyjafjarðarsveit (L152699). Erindinu fylgir uppdráttur frá Gísla Gunnlaugssyni byggingarfræðingi dags. 2022-08-29.

Byggingarfulltrúi samþykkir erindið. Í samræmi við niðurstöðu grenndarkynningar breytist staðsetning búðanna frá fyrirliggjandi teikningum þannig að þær verða á lóðinni nyrstu lóðinni vestan við Bogöldu samkvæmt drögum að deiliskipulagi Ölduhverfis. Heimildin gildir til 31. desember 2024 í samræmi við ákvörðun sveitarstjórnar Eyjafjarðarsveitar á fundi 20. október 2022.

5. Lækjarvellir 9 - Atvinnuhúsnæði 2022 - 2211007

Hafborg ehf. kt. 670898-2379, Gnoðavogi 44, 104 Reykjavík, sækir um bygginarleyfi vegna nýbyggingar 781 fm atvinnuhúsnæðis á lóðinni Lækjarvöllum 9 í Hörgársveit. Erindinu fylgja uppdráttir frá Jóni Davíð Ásgeirssyni hjá JDA ehf. dags. 2022-11-16.
Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:30

Vigfús Björnsson